

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir í Skorradalshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að 43 ha svæði fyrir landbúnað í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi, breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Einnig er gert ráð fyrir efnistöku á allt að 8000 m<sup>3</sup> við Skorradalsvatn á um 2,5 ha svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skorradalshrepps og annarra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. júlí 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigrún Ágústsdóttir.*